Sþ. **505. Tillaga til þingsályktunar**

um læknisbústað Eyrarbakkalæknishéraðs.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga hið allra fyrsta, í samráði við landlækni, hvort hagkvæmara sé héraðsbúum, að læknisbústaður Eyrarbakkalæknishéraðs sé á Eyrarbakka eða á Selfossi, og leggja síðan athugunina fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Óskir hafa komið fram um það eystra, að æskilegra væri fyrir héraðsbúa Eyrarbakkalæknishéraðs yfirleitt, að læknisbústaðurinn væri á Selfossi. Þó munu um það nokkuð skiptar skoðanir. Flutningsmenn þessarar tillögu telja heppilegast, að heilbrigðisstjórnin láti athuga málið og geri tillögur um lausn þess.